



Reykjavík, 24. janúar 2024

MSS23120022

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Menningar-, íþrótt- og tómstundaráð

Sendandi: Sviðsstjóri menningar- og íþróttasviðs

Minnisblað vegna þátttöku sveitarfélaga vegna vinnu við tilnefningu sundlaugarmenningar á skrá UNESCO - Sundlaugarnar í Reykjavík

Sundlaugarmenning Íslendinga er einstök og skipa sundlaugarnar í Reykjavík stóran sess í lífi margra. Í upphafi voru sundlaugar byggðar til sundkennslu en í dag hafa þær fjölþættu hlutverki að gegna til heilsuræktar, slökunar og leikja sem gerir þær að líkamlegri, andlegri og félagslegri heilsulind.

Aðsókn í sundlaugarnar eykst jafnt og þétt í takt við fjölgun ferðamanna til landsins og fjölgun íbúa á landinu. Sundlaugar fyrir almenning í Reykjavík, eru átta talsins og fengu tæplega tvær og hálf milljón gesta árið 2023. Þetta eru gestir á öllum aldri frá mismunandi menningarheimum, syndir jafnt sem ósyndir. Mannvirkin eru fjölbreytt, heitir og kaldir pottar, rennibrautir, stökkbretti, djúpar og grunnar laugar.

Í grein Þóris Ingvarssonar á vef Þjóðminjasafns Íslands segir; Sundlaugamenning Íslendinga er sterk og má reikna með að hvergi á byggðu bóli séu jafn margar almenningsútilaugar miðað við hina frægu höfðatölu. Í Laugardal í Reykjavík reis fyrsta steinsteypta sundlaug landsins á árunum 1907-1908, en í hana var veitt heitu vatni úr Þvottalaugunum og köldu vatni úr Gvendarbrunnum. Koma sundlaugarinnar gerði það kleift að halda úti sundkennslu allt árið um kring. Hún var svo í notkun alveg fram til 1. júní árið 1968, en þann dag opnaði ný Laugardalslaug sunnan megin við Sundlaugaveg. Gamla Laugardalslaugin var mikið notuð af Reykvíkingum og gestum borgarinnar og einn ágætur sundlaugagestur skrifaði grein sem birtist í Vísi þann 27. maí 1943. Þar mærir höfundur greinarinnar laugar:

„Hvern dag er sólar nýtur, eru laugarnar miðdepill heilla herskara yngri og eldri, sem leita þessarar einstæðu paradísar í ríki höfuðstaðarins. [...] Sundlaugarnar í Reykjavík, þar sem sjóðandi vatnið sprettur uppúr iðrum jarðar og snilli tækninnar hefir tekizt að brugga hæfilega heitt baðvatn og smíða baðker sem heill hópur manna og kvenna getur komizt fyrir í. [...] Og margir Reykvíkingar kunna vel að meta guðs gjafir og snilli sinna beztu sona. Mannfjöldinn losar sig í skyndi við hinar ryk- og sandorpnu flíkur og eftir fá augnablik er keríð fullt - svo fullt, að vart verður skotið upp höfði.“

Greinarhöfundur heldur svo áfram: „... og það fólk er til í höfuðstaðnum, sem leyfir sér að heimta „meira ljós“- enn fullkomnari sundlaugar og betri aðbúnað fyrir baðgesti.“ Hann bætir þá við tillögum að endurbættum, s.s. stærrum og dýpri laugar, fleiri búningsklefa, betra aðgengi á bílum, hjólum og gangandi og að bæta við starfsfólki á vöktum svo hægt sé að hafa laugar opnar frá kl. 8:00 til 20:00 alla daga um vor og sumar.

Það má með sanni segja að allar þessar óskir sundlaugagestsins hafi ræst og að aðgengi íbúa borgarinnar að sundlaugum sé í dag með allra besta móti. Þeim mun meiri er söknuður sundunnenda eftir laugunum þegar þær þurfa að loka af óviðráðanlegum aðstæðum, t.d. vegna tæknibilana eða heimsfaraldurs.

Í stefnu Reykjavíkur í íþróttamálum til ársins 2030 kemur fram að öflug og fjölbreytt íþróttafélög sem sinna margvíslegum markhópum skipta miklu máli í forvörnum,



Reykjavík



félagslegu starfi og að byggja upp gott samfélag. Þeir fjármunir sem Reykjavíkurborg hefur lagt til íþróttastarfs, hafa m.a. farið í að skapa aðstöðu til æfinga og keppni hvort sem er fyrir börn og unglinga, keppnis- og afreksfólk eða aðra íbúa þar með talið í sundlaugarmannvirkjum.

Reykjavíkurborg mun hér eftir sem hingað til hlúa að sundlaugarmenningu Íslendinga með því að halda úti metnaðarfullri uppbyggingu og rekstri sundlauga í Reykjavík. Rekstur þeirra og uppbygging hefur þróast mikið undan farin ár og svo mun verða áfram. Framundan er uppbygging og endurbætur á útisvæði Laugardalslaugar með þar sem laugarsvæðið verður allt tekið í gegn og byggt frá grunni. Farið verður í samkeppni innanlands og utan með von um að skemmtilegar og nýstárlegar hugmyndir komi fram. Jafnframt er framundan endurgerð á innlaug Sundhallar sem tekin var í notkun árið 1937. Laugin er friðuð og er verkið unnið í samvinnu við Minjastofnun.

Virðingarfyllst,

Eiríkur Björn Björgvinsson,
sviðsstjóri.



Reykjavík